

**Ath! Þessi útgáfa upplýsingabréfsins er ætluð þeim skólum sem kjósa að afla skriflegs samþykkis frá foreldrum við fyrirlögn á nemendakönnun Skólapúlsins í 6. – 10. bekk (Sjá nánar hér að neðan):**

Kæra foreldri/forsjáraðili,

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Virknir nemenda	Líðan og heilsa	Skóla- og bekkjarandi
<ul style="list-style-type: none"><li>• Ánægja af lestri</li><li>• Áhugi og ánægja af stærðfræði</li><li>• Áhugi og ánægja af náttúrufræði</li><li>• Trú á eigin námsgetu</li><li>• Trú á eigin vinnubrögð í námi</li><li>• Þrautseigja í námi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sjálfsálit</li><li>• Stjórn á eigin lífi</li><li>• Vellíðan</li><li>• Tíðni eineltis</li><li>• Tegund eineltis</li><li>• Staðir eineltis</li><li>• Mataráskrift</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Samsömun við nemendahópinn</li><li>• Samband nemenda við kennara</li><li>• Agi í tímum</li><li>• Virk þátttaka í tímum</li><li>• Mikilvægi heimavinnu í náminu</li><li>• Snjallsímanotkun á skólatíma</li></ul>

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu. Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Nánari upplýsingar um kannanir Skólapúlsins eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).

Ég gef leyfi mitt til að barn mitt taki þátt í könnuninni Skólapúlsinn sem lýst er hér að ofan

Skóli: \_\_\_\_\_

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldris/forsjáraðila: \_\_\_\_\_